

## Greinargerð kjörnefndar Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir aðalfund 2023.

Kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga starfar samkvæmt starfsreglum sem stjórn Lánasjóðsins setur henni og eru í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (LSF) útgefnum af Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands og Kauphöll ([www.leidbeiningar.is](http://www.leidbeiningar.is)).

Í samræmi við þetta hefur Lánasjóðurinn birt viðeigandi upplýsingar á heimasíðu félagsins í aðdraganda aðalfundarins.

Stjórn Lánasjóðsins skipaði Magnús B. Jónsson (formann), Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur og Rósu Guðbjartsdóttur í kjörnefnd á fundi 25. janúar 2023.

Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins fyrir hönd kjörnefndar sendi öllum sveitarstjórnnum bréf þar sem óskað var eftir framboðum eða tilnefningum til stjórnar fyrir miðvikudaginn 8. mars s.l. Framboð eða tilnefningar bárust frá tólf aðilum til setu í stjórn og varastjórn þar af buðu allir sitjandi stjórnarmenn sig fram. Kristinn Jónasson bauð sig einn fram til formanns stjórnar.

Við uppstillingu til stjórnar hefur sem fyrr verið leitast við að taka tillit til eðlilegs hlutfalls minni og stærri hluthafa sem og lögbundins kynjahlutfalls, landshlutasjónarmiða og þess pólitíska veruleika sem ríkir hjá sveitarstjórnnum á landsvísu.

Með fyrrgreind sjónarmið í huga er niðurstaða kjörnefndar eftirfarandi:

Þar sem Kristinn Jónasson Snæfellsbæ býður sig einn fram til formanns er hann sjálfkjörinn og leggur kjörnefnd til að aðalfundur staðfesti kjör hans.

Tillaga kjörnefndar um uppstillingu aðal og varamanna í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2023 er:

<b>Aðalmenn:</b>	<b>Varamenn:</b>
Kristinn Jónasson, stjórnarformaður Bæjarstjóri Snæfellsbæjar	Fannar Jónasson Bæjarstjóri í Grindavík
Arna Lára Jónsdóttir Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar	Íris Róbertsdóttir Bæjarstjóri í Vestmannaeyjum
Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri Fjármála- og áhættustýringasviðs Reykjavíkurborgar	Katrín Sigurjónsdóttir Sveitarstjóri Norðurþings
Guðmundur B. Guðmundsson F.v. formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar	Grímur R. Lárusson sveitarstjórnarfulltrúi í Húnabyggð
Elliði Vignisson Bæjarstjóri Ölfuss	Fjóla St. Kristinsdóttir Bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Árborg

Fleiri framboð komu ekki fram innan lögbundins frests sem rann út kl. 16.30 sunnudaginn 26. mars 2023.

Ásamt því að gera tillögu að stjórn og varastjórn félagsins hefur Kjörnefnd það hlutverk að gera tillögu um fundarstjóra fyrir aðalfund félagsins.

Kjörnefnd leggur til að Þórdís Lóa Þórhallsdóttir verði fundarstjóri aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga 31. mars 2023.

Tillögur Kjörnefndar voru aðgengilegar frá og með 18. mars 2023 á heimasíðu Lánasjóðsins undir [www.lanasjodur.is/kjornefnd](http://www.lanasjodur.is/kjornefnd).

Skagaströnd, 27. mars 2023

Kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga

Rósa Guðbjartsdóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Magnús B. Jónsson